



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Ársskýrsla

Starfsárið 2021 – 2022



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	2
Dagskrá aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022.....	3
Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021 – 2022	4
Starfsfólk SFV	5
Aðildarfélög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021 - 2022	5
Fundargerð aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021.....	6
Skipulag SFV	7
Molar úr starfi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021-2022	8
Yfirlit yfir starfsemi helstu vinnuhópa og nefnda SFV á árinu.....	11
Núgildandi lög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu	15
Fundarboð aðalfundar 2022	17
Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi 2022	18
Ársreikningur SFV 2021.....	23

Ávarp stjórnarformanns

Það er óhætt að segja að það starfsár sem við erum nú að gera upp hafi verið viðburðaríkt hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, SFV. Samtökin, sem voru stofnuð þann 24. apríl árið 2002, hafa eflst og dafnað jafnt og þétt á þeim 20 árum sem liðin eru síðan þau voru stofnuð.

Við ætlum einmitt í tilefni af þeim tímamótum, að SFV fagnar 20 ára afmæli, að vera með málþing í tengslum við aðalfundinn okkar með þátttöku heilbrigðisráðherra, Willums Þórs Þórssonar, þar sem yfirskriftin er „Framtíð velferðarþjónustunnar“ en í því verkefni hafa samtökin okkar og aðildarfélögin öll stóru hlutverki að gegna.

Tilgangur samtakanna þegar þau voru stofnuð var þá, og er í raun enn, að efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum. Einnig að stuðla að árangursríku samstarfi við heilbrigðisyfirvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Þriðji megintilgangur SFV var og er að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim fram og síðast en ekki síst að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi, m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaga.

Með stofnun samtakanna á sínum tíma var skapaður vettvangur fyrir stjórnir og stjórnendur þessara fyrirtækja til að koma saman, bera saman bækur sínar og ræða sameiginleg hagsmunamál. Sameinuð yrðu þessi fyrirtæki öflugri en þau voru eitt og sér og sameiginlega gætu þau unnið að ýmsum hagsmunamálum sem þau höfðu fram að þessu unnið að hvert fyrir sig.

Litið var á það sem helsta verkefni SFV að vinna að bættum starfsskilyrðum fyrirtækjanna í góðri samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og aðra þá aðila sem hagsmuna ættu að gæta.

Væntingar stofnaðila voru þær að samtökin gætu orðið það afl sem þyrfti til að bæta starfsskilyrði aðildarfélaga svo þau gætu rækt þá þjónustu, sem þau hafa tekið að sér, með sómasamlegum hætti.

Allt þetta hefur raungerst á starfsævi SFV með einum eða öðrum hætti. Kannski ekki síst á síðustu tveimur árum þar sem hefur reynt verulega á alla starfsemi velferðargeirans á Íslandi í tengslum við óteljandi verkefni og viðfangsefni tengd Covid faraldrinum. Við innan raða SFV höfum staðið þétt saman og okkar frábæru starfsmenn hafa leitt vinnuna svo eftir hefur verið tekið.

Þetta starfsár sem nú er kvatt hefur verið viðburðaríkt líkt og nefnt er hér í upphafi þessa pistils. Framkvæmdastjórnarskipti urðu á árinu þegar Eybjörg okkar Hauksdóttir skipti um starfsvettvang og lét af störfum. Þátt Eybjargar í störfum SFV verður seint fullpakkað fyrir, hún var fyrsti starfsmaður samtakanna og mótaði starf framkvæmdastjóra samtakanna af miklum sóma. Í stað Eybjargar var Sigurjón Norberg Kjærnested ráðinn í starf framkvæmdastjóra og má það sama segja um þann sóma mann og forvera hans, öll framganga og skilvirkni hefur verið til mikils sóma fyrir samtökin frá fyrsta degi í viðamiklum og fjölbreyttum verkefnum. Við í SFV erum rík að búa yfir góðum mannauði, bæði innan veggja skrifstofu SFV og innan raða aðildarfélaganna okkar, en auk Sigurjóns starfa á skrifstofunni okkar lögfræðingarnir Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, sem heldur utan um persónuverndarmálin auk annarra tilfallandi verkefna og svo Heiða Björk Vignisdóttir sem kom til liðs við okkur síðla sumars 2021 og eru hennar helstu verkefni tengd kjaramálum. Einnig hefur Tryggvi Friðjónsson verið okkar fólki innan handar varðandi ráðgjöf tengt kjaramálunum.

Helstu verkefni stjórnar og starfsmanna hafa sem fyrr verið hagsmunagæsla fyrir aðildarfélögin. Mikil vinna átti sér stað í kringum samstarf og samskipti vegna Covid og ekki síður í tengslum við fjárlögin síðustu þar sem við náðum ýmsu fram á milli umræðna um fjárlögin á alþingi, m.a. í gegnum umsagnir, heimsóknir til fagnefnda og marga óformlega funda og samtala með lykilaðilum í stjórnkerfinu. Síðast en ekki síst náðust loks samningar við Sjúkratryggingar Íslands um rekstrarforsendur hjúkrunarheimilanna til næstu þriggja ára. Var þar mikil vinna að baki sem og óteljandi fundir og samtöl og ber að þakka samninganefndarfólki og samstarfsfólki okkar í henni en ásamt fulltrúum frá SFV voru tveir fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með okkur í þeirri vinnu. Aðkoma nýs heilbrigðisráðherra í því formi að setja á stofn starfshópa

um húsnæðismál og mönnunarmál skipti miklu máli sem og að þeir fjármunir sem fengust inn í rekstur heimilanna á árinu 2021 komu inn í rekstrargrunn þeirra í fjárlögnum. Allt þetta gerir rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila ásættanlegra en lengi hefur verið þó enn sé mikið verk að vinna í gegnum þessa starfshópa sem fyrr eru nefndir.

Stjórn hefur einnig unnið að tillögum að gagngerum lagabreytingum fyrir samtökin og það er vilji okkar og metnaður að formgera enn betur starfsemina alla og höfum við t.a.m. gert samkomulag við KPMG um að halda utan um bókhald og launaumsjón sem og að aðstoða við gerð ársreiknings þannig að enn meiri formfesta verði í kringum þann mikilvæga þátt.

Síðast en ekki síst þá samþykkti stjórn að fara í stefnumótunarvinnu fyrir samtökin á þessu ári og þar verður kallað eftir aðkomu allra aðildarfélaga þegar sú vinna fer af stað þannig að eins og þið heyrið vonandi kæru félagar þá er engin lognmolla í kringum okkar mikilvægu samtök.

Kæru félagar, það er komið að tímamótum hjá undirrituðum. Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til setu í stjórn samtakanna nú eftir 10 ára starf. Það var árið 2012 sem ég kom inn í stjórn samtakanna eftir samtali við þáverandi formann, Gísla Pál. Ég varð síðan varaformaður árið 2016, þegar Gísli Páll fór úr stjórn og Pétur Magnússon tók við, og gegndi því embætti allt þar til í ágúst síðastliðnum þegar Gísli Páll, sem varð aftur formaður eftir að Pétur skipti um starfsvettvang, ákvað að stíga til hliðar og ég tók við formennsku. Á þessum 9 mánuðum hefur gríðarlega margt gerst samanber það sem komið var inn á hér fyrr.

Á þessum tímamótum er mér efst í huga þakklæti til samstarfsfólks í stjórn, nú sem fyrr, fyrir frábært og árangursríkt samstarf og ekki síður þakklæti til starfsmanna samtakanna, án þeirra krafta værum við vanmáttugri. Ég stíg til hliðar stoltur af verkum og stöðu SFV og í þeirri vissu að samtökin munu áfram vaxa og dafna undir handleiðslu öflugra einstaklinga sem veljast í stjórn og störf innan raða okkar. Aðildarfélög innan raða SFV eru lykilaðilar í velferðarkerfi Íslands og það er von mín og trú að til þess verði horft þegar umræða um framtíð velferðarkerfisins fer á fullt skrið.

Björn Bjarki Þorsteinsson

formaður stjórnar SFV

Dagskrá aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022

Þriðjudaginn 26. apríl 2022

kl. 13:00 – 14:00

haldinn á Hrafnistu Sléttuvegi

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum SFV
2. Önnur mál
3. Kaffihlé

Að loknum aðalfundi fer fram 20 ára afmælistálþing SFV sem ber yfirskriftina „Framtíð velferðarþjónustu“. Auk valinkunnra gesta mun heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, ávarpa þingið. Málþingið hefst kl. 14:30 og mun standa til 16:00. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021 – 2022

GÍSLI PÁLL PÁLSSON

FORMAÐUR TIL ÁGÚST 2021

Grund, Mörk og Ás

gisli@grund.is

Vinnusími: 530 6100

BJÖRN BJARKI ÞORSTEINSSON

VARAFORMAÐUR OG SETTUR FORMAÐUR FRÁ ÁGÚST 2021

Brákarhlíð hjúkrunar – og dvalarheimili

bjarki@brakarhlid.is

Vinnusími: 432 3180

MARÍA FJÓLA HARÐARDÓTTIR

VARAFORMAÐUR FRÁ ÁGÚST 2021

Hrafnistuheimilin

maria.hardardottir@hrafnista.is

Vinnusími: 585 9500

ÁSGERÐUR TH. BJÖRNSDÓTTIR

GJALDKERI

SÁÁ

asgerdur@saa.is

Vinnusími: 530 7600

HALLA THORODDSEN

MEÐSTJÓRNANDI

Sóltún öldrunarþjónusta ehf. (Sólvangur hjúkrunarheimili og Sóltún Heima)

halla@solvangur.is

Vinnusími: 590 6591

SIGURÐUR RÚNAR SIGURJÓNSSON

MEÐSTJÓRNANDI

Eir, Skjól og Hamrar

srs@eir.is

Vinnusími: 522 5700

VILBORG GUNNARSDÓTTIR

MEÐSTJÓRNANDI

Alzheimersamtökin

vilborg@alzheimer.is

Vinnusími: 533 1088

Starfsfólk SFV

SIGURJÓN NORBERG KJÆRNESTED

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Skrifstofa SFV
Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík
sigurjon@samtok.is
GSM: 783 8114
Vinnusími: 5 600 200

GUNNHILDUR ERLA KRISTJÁNSDÓTTIR

LÖGFRÆÐINGUR / PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

Skrifstofa SFV
Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík
gunnhildur@samtok.is
Vinnusími: 5 600 201

HEIÐA BJÖRK VIGNISDÓTTIR

LÖGFRÆÐINGUR / FORMÆÐUR KJARANEFNDAR

Skrifstofa SFV
Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík
heida@samtok.is
Vinnusími: 5 600 202

Aðildarfélag Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021 - 2022

Alzheimersamtökin, Reykjavík	Hornbrekka, hjúkrunar- og dvalarheimili, Fjallabyggð	MS Setrið, Reykjavík
Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hveragerði	Hrafnista Boðarþing, Kópavogi	Múlabær, Reykjavík
Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnes	Hrafnista Hlévangur, Reykjanesbæ	Mörk hjúkrunarheimili, Reykjavík
Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík	Hrafnista Hraunvangur, Hafnarfirði	Naust, dvalar- og hjúkrunarheimili, Þórshöfn
Droplaugarstaðir, hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Ísafold, Garðabæ	Reykjalundur, endurhæfing, Mosfellsbæ
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	Hrafnista Laugarás, Reykjavík	SÁÁ, Reykjavík
Dvalarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði	Hrafnista Nesvellir, Reykjanesbæ	Seljahlíð, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Eir hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Skógarbæ, Reykjavík	Silfurtún, dvalarheimili, Búðardal
Fellsendi, hjúkrunarheimili, Dalabyggð	Hrafnista Sléttuvegi, Reykjavík	Sjálfsbjargarheimilið, Reykjavík
Grenilundur, hjúkrunarheimili, Grenivík	Hvammur, heimili aldraðra, Húsavík	Skjól, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Reykjavík	Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi	Sólheimar ses.
Hamrar hjúkrunarheimili ehf., Mosfellsbæ	Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili, Ólafsvík	Sóltún öldrunarþjónusta, Reykjavík
Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Akureyri	Kirkjuhovoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hvolsvelli	Sóltún, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Hjallatún, hjúkrunarheimili, Mýrdýlshrepp	Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili,	Sólvellir, heimili aldraðra, Eyrarbakka
Hlíðabær, Reykjavík	Kirkjubæjarklaustri	Sundabúð, hjúkrunarheimili, Vopnafirði
	Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hellu	Vigdísarholt, Kópavogi

Fundargerð aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021

Aðalfundur SFV

Friðjudaginn 12. apríl 2021 kl. 13:30- 15:00


Fundarritari: María Fjóra Harðardóttir

Fundarstaður: Teams

Efni fundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara - Björn Bjarki Þorsteinsson var kosinn fundarstjóri og María Fjóra Harðardóttir fundarritari. Formaður, Gísli Páll, setti fundinn.
2. **Skýrsla stjórnar** - Eybjörg Helga Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SFV fór yfir aðalatriðin - sjá viðhengi.
 - o **Kjaramál** - Tryggvi Friðjónsson, formaður kjaranefndar, fór yfir helstu mál ársins 2020 mál - sjá glærur í viðhengi.
 - o **Persónuverndarmál** - fulltrúi persónuverndarmála, Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, fór yfir helstu mál ársins 2020 - sjá glærur í viðhengi.
3. **Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar** - Ásgerður Björnsdóttir, gjaldkeri SFV, fór yfir ársreikning - engar athugasemdir gerðar. Kristján Sigurðsson spurði út í greiðslur fyrir kjaranefnd og fékk svör við því - Ársreikningar því samþykktir og eru hér í viðhengi.
4. **Lagabreytingar** - engar tillögur komu inn um lagabreytingar líkt og lög segja til um. Því engar lagabreytingar.
5. **Kosning formanns** - Gísli Páll býður sig áfram fram. Enginn býður sig á móti honum og því sjálfkjörinn sem stjórnarformaður.
6. **Kosning annarra stjórnarmanna:**
 - o Tveir stjórnarmenn hætta störfum - Anna Birna Jensdóttir eftir 6 ár í stjórn og Ragnar eftir 1 ár í stjórn. Þökkum þeim fyrir mjög svo gott starf.
 - o Tvö ný framboð hafa komið fram, þær Halla Thoroddsen, framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Sólvangs og Vilborg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna. Halla og Vilborg kynntu sig stuttlega. Fráfarandi stjórnarmenn buðu sig áfram til starfa. Þeir eru: Ásgerður Th. Björnsdóttir, Bjarki Þorsteinsson, María Fjóra Harðardóttir og Sigurður Rúnar Sigurjónsson. Ekki komu fleiri framboð í stjórn. Kosning allra stjórnarmanna var samþykkt með megin þorra atkvæða.
7. **Kosning tveggja skoðunarmanna** - Anna Birna Jensdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir bjóða sig fram - samþykkt með megin þorra atkvæða.
8. **Ákvörðun árgjalda** - Ásgerður kynnti þann lið. Það þarf 61.2 milljón til að reka félagið. Farið var yfir hvernig gjöldin voru ákvörðuð. Það er kominn tími til að fara yfir skiptingu og kostnaðarliði í módeli grunngjaldsins. Lögð var fram af hálfu stjórnar tillaga til árgjalda sem var samþykkt með meginþorra atkvæða.
9. **Önnur mál:**
 - o Ákveðið var að bjóða engum gesti á fundinn líkt og hefur tíðkast undanfarin ár vegna Covid-19.
 - o Kynntar voru drög að tveimur ályktunum sem stjórn SFV óskar eftir að senda frá sér. Annars vegar varðandi nauðsynlegar launabætur til aðildarféлага SFV vegna styttingu vinnuvikunnar. Kjartan, forstjóri Höfða á Akranesi, óskaði eftir breytingu í ályktun sem var samþykkt. Hins vegar varðandi skil á skýrslu Gylfanefndarinnar, en tafir hafa orðið á útgáfu skýrslunnar vegna heilbrigðisráðuneytisins. Ályktanir voru samþykktar með megin þorra atkvæða.
 - o Gísli - þakkaði fyrir að fá að starfa sem formaður áfram og býður nýja stjórnarmeðlimi velkomna.
 - o Engin önnur mál
 - o Gísli Páll lokaði fundi

Fundið slitið.



Molar úr starfi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2021-2022

Hér fylgja nokkrir molar úr starfi samtakanna á starfsárinu. Hér er engan veginn ætluin að vera með tæmandi upptalningu á starfinu, frekar létta mynd af nokkru af því helsta:

Nýir aðildarfélagar, stjórn og starfsfólk

Á starfsárinu gengu Heilsuvernd hjúkrunarheimili og Naust hjúkrunarheimili til liðs við samtökin, og eru þau boðin hjartanlega velkomin. Töluverður áhugi er hjá ýmsum aðilum um aðild að samtökunum og bíður það stefnumótunarvinnu næsta starfsárs að taka afstöðu til þess áhuga til framtíðar.

Sú breyting varð á stjórn samtakanna á starfsárinu að Gísli Páll Pálsson lét af störfum sem formaður samtakanna og Björn Bjarki Þorsteinsson, þáverandi varaformaður tók við sem formaður. Breytingar urðu einnig á starfsliði samtakanna, en á starfsárinu tók Sigurjón Norberg Kjærnested við sem framkvæmdastjóri og Heiða Björk Vignisdóttir sem lögfræðingur og formaður kjaranefndar.

Nýir þjónustusamningar hjúkrunarheimila.

Í lok mars sl. skrifuðu fulltrúar SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga undir nýja þjónustusamninga hjúkrunarheimila. Þar með lauk meira en hálfis árs vinnu við samninganna á ákaflega jákvæðan hátt, en mat samninganefndar SFV og Sambandsins var að með samningunum væru stigin stór og jákvæð skref fram á við fyrir hjúkrunarheimilin.

Samningarnir áttu upphaflega að renna út um áramótin 2021-2022, en sumarið 2021 voru þeir framlengdir um 2 mánuði, en slík framlenging var skilyrði sem sett var af fjárlaganefnd Alþingis fyrir því að til kæmi milljarður í viðbótarfjármagn til hjúkrunarheimilanna. Formlegar samningaviðræður hófust svo í haust þegar Sjúkratryggingar Íslands tilkynntu þeirra vilja til að semja eins og áður við SFV og Sambandið, f.h. hjúkrunarheimilanna. Ákveðið var á vettvangi stjórnar SFV að hafa sameiginlega samninganefnd með Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og voru fulltrúar í henni:



- Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri SFV og formaður samninganefndar
- Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, Brákarhlíð, formaður stjórnar SFV
- Halla Thoroddsen, framkvæmdastjóri, Sóltún öldrunarþjónusta
- María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistuheimilanna, varaformaður stjórnar SFV
- Sigurður Rúnar Sigurjónsson, forstjóri Eir, Hamrar og Skjól
- Bryndís Gunnlaugsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í samninganefnd
- Valgerður Freyja Ágústsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í samninganefnd

Samninganefndin vann ítarlega undirbúningsvinnu fyrir samningaviðræðurnar. Þannig fór fram samtal og samráð við aðildarfélögin, ýmsar greiningar, PR vinna og margt fleira. Byggt á því voru samningskröfur og markmið mótuð fyrir samningaviðræðurnar.

Samningaviðræðurnar sjálfar stóðu yfir í tæpt hálfis ár og voru oft á tíðum þungar. Framan af leit út fyrir að ólíklegt væri að aðilar næðu saman. Undir lok febrúar var hins vegar farið að styttest á milli aðila og heilbrigðisráðherra gaf út yfirlýsingu um nokkur lykilmál sem hann var tilbúinn að setja í gang og vinna að, sem komu mjög til móts við samningsmarkmið SFV og Sambandsins. Samningar voru því framlengdir um einn mánuð, eða til loka marsmánaðar, til þess að hægt væri að klára samningana. Í lok mars skrifuðu SFV og Sambandið svo undir nýja þjónustusamninga f.h. hjúkrunarheimilanna.

Samningarnir eru til þriggja ára og eru af stærðargráðu um 130 milljarðar króna. Að mati samninganefndar voru ýmsar lykilorðbætur í samningunum, m.a.:

- Samningar byggðir á hækkuðu einingarverði – í framhaldi af Gylfaskýrslu.
- Samhliða samningaviðræðunum gaf ráðherra út nýja reglugerð varðandi endurgreiðslur til hjúkrunarheimila vegna hjálpartækja, sem skiptir töluverðu fjárhagslegu máli fyrir heimilin.
- 2% þak á hækkunum greiðslna vegna hjúkrunarþyngdar var fjarlæggt og umtalsvert fjármagn var bætt inn í samninginn til að hækka greiðslur til hjúkrunarheimila (og færa nær réttum tíma). Þá var samþykkt nýtt ferli sem í gang fer ef fjármagn á fjárlögum er ekki í samræmi við rétta hjúkrunarþyngd.
- Aukið fjármagn var lagt í útlagasjóð og mikilvæg ný mál komu inn í útlagasjóðinn sem hjúkrunarheimili geta sótt um bætur fyrir.
- Aukið fjármagn, miðað við fjárlög, í smæðarálag.
- Samþykkt að fara í vinnu við einföldun gagnaskila hjúkrunarheimila.
- Húsnæðismál hjúkrunarheimila og greiðslur vegna húsnæðiskostnaðar þeirra komast í farveg með nýjum starfshóp. Mikil vinna framundan í þeim málum.
- Stofnaður starfshópur um greiðslukerfi hjúkrunarheimila, með það að markmiði að: „Greiðslur séu í samræmi við raunverulega þjónustu hverju seinni, en ekki meðaltal aftur í tímann“ og „hvernig hægt er að mæta breyttum kröfum um gæði- og þjónustu, m.a. m.t.t samsetningar á starfsfólki hjúkrunarheimila“.
- Vissa varðandi Covid greiðslur, þ.e. að Covid kostnaður hjúkrunarheimila verður áfram greiddur af ríkinu.
- Vissa varðandi hækkuð einingarverðs vegna hagvaxtarauka, þ.e. að einingarverð hjúkrunarheimila verður hækkað til að mæta þeim kostnaði.
- Innheimtuhlutverk hjúkrunarheimila. Hluti kostnaðar greiddur og komið fram að það sé hluti af því sem verður endurskoðað í vinnu ráðuneytis um aðgerðaáætlun í öldrunarmálum.


Með nýjum samning er það einnig ljóst að á vettvangi SFV mun þurfa að fara fram ákaflega mikil vinna til að tryggja að árangur náist í þeirri vinnu sem samningurinn hefur í för með sér, og til að nýta þær úrbætur sem í honum felast. Það mun t.d. fela í sér:

- Starfshópa með HRN og FJRN.
- Samstarf við SÍ um að ljúka ákveðnum verkefnum.
- Þingsályktun um stefnu í málefnum aldraðra og aðgerðaáætlun í málefnum aldraðra. Fram hefur komið frá ráðherra að SFV muni vera í lykilhlutverki þar.
- Sterka aðkomu að fjárlagavinnu en það verður algert lykilatriði.
- Að nýta og vinna með samninginn, t.d. tengt umsóknum í útlagasjóð og ný ferli varðandi hjúkrunarþyngd og smæðarálag.

Að lokum skal það sérlega tekið fram að mat samninganefndar var að um væri að ræða afar mikilvæga samninga, sem fælu í sér stóra áfangasigra og byrjun á þeirri vegferð að laga starfs- og rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila. En í þeim orðum felst líka að þetta voru áfangasigrar og byrjun! Framundan er mikil vinna til að nýta þann meðbyr sem felst í samningunum, og að því þurfum við öll að standa saman.

Covid

Ýmis konar mál og vinna tengt Covid faraldrinum lituðu starfsemi samtakanna á árinu og fór töluverður hluti af tíma starfsfólks samtakanna í þau. Þá hafði faraldurinn auðvitað áhrif á ýmsa starfsemi samtakanna, m.a. á fundahöld og hópstarfsemi.



Lykilhluti af starfsemi samtakanna tengt Covid fólst í samstarfi við sóttvarnalækni og stjórnvöld almennt. Það starf var skipulagt í gegnum samráðshóp sóttvarnalækni og SFV um starfsemi hjúkrunarheimila, dagdvala og velferðarfyrrtækja í Covid-19 heimsfaraldri. Á þeim vettvangi og almennt í samstarfi við stjórnvöld voru gefnar út fjölmargar leiðbeiningar og tilmæli ásamt því að almennt var unnið að viðbrögðum og samstarfi aðildarfélaga SFV og stjórnvalda. Samráðshópurinn fór yfir ýmis mál og haldinn var fjöldi upplýsingafunda. Þá var mikið um að starfsfólk SFV og

hjúkrunarheimilanna hafi aðstoðað önnur hjúkrunarheimili í ýmsum málum tengt faraldrinum. Unnið var með landlækni að eftirliti með stöðu hjúkrunarheimila í faraldrinum.

Unnið var að því í samstarfi við stjórnvöld og Sjúkratryggingar Íslands að tryggja að kostnaður aðildarfélaga SFV vegna Covid væri bættur af stjórnvöldum. Náðist það að öllu leyti fram fyrir hjúkrunarheimilin, en eins og fjallað var um hér að ofan gerðu samtökin það að skilyrði fyrir nýjum þjónustusamningum. Þá var það sérlega jákvætt að fram náðist að dagdvölum yrði bættur kostnaður þeirra vegna vannýtttra plássna.

Í byrjun janúar var sent erindi til heilbrigðisráðherra, sóttvornarlæknis og landlæknis þar sem varað var við því að uppi væri neyðarástand á hjúkrunarheimilum landsins. Ástæða þess var að hjúkrunarheimilin voru að lenda í vanda með að sinna sínu hlutverki vegna fjölda starfsmanna í einangrun og sóttkví. Þar var óskað eftir breytingum á fyrirkomulagi sóttkvíar til að gera starfsemi heimilanna mögulega. Þær breytingar sem svo voru gerðar á fyrirkomulagi sóttkvíar voru mjög í anda þeirra breytinga sem SFV kallaði eftir.

Alþingiskosningar 2021

Ýmis vinna fór fram á vettvangi samtakanna tengt Alþingiskosningum 2021. Öll framboðin sem náðu mönnum inn á Alþingi komu til fundar við samtökin hjá Hrafnistu Sléttuvegi. Á þeim fundum fluttu fulltrúar SFV kynningu um áherslumál samtakanna og umræður fóru fram um þau mál, fulltrúar framboðanna fengu skoðunarferð um heimilið og svo að lokum voru nokkrar spurningar lagðar fyrir frambjóðendum og svör þeirra tekin upp á myndband. Samantekin svör frambjóðenda voru svo gefin út á samfélagsmiðli SFV. Það var ákaflega jákvætt hversu mikla áherslu framboðin settu á fundinn með SFV, öll framboð sendu þannig lykilaðila á fundinn, ráðherra, Alþingismenn og oddvita. Fundirnir voru sérlega jákvæðir og fóru fram virkilega góðar umræður um framtíð velferðarþjónustunnar.

Í framhaldi af kosningunum sendu SFV svo erindi til forsvarsfólks og lykilmálsmanna innan ríkisstjórnarflokkanna, þar sem áherslumálum samtakanna var komið á framfæri. Það var svo gert aftur í framhaldi af ríkisstjórnarmyndum og aðdraganda þess að Alþingi kom saman.

Gylfa-skýrslan

Heilbrigðisráðuneytið fól, á árinu 2020, sérstakri verkefnisstjórn, undir forystu Gylfa Magnússonar, fyrrv. ráðherra, að greina rekstrarkostnað hjúkrunarheimila. SFV átti fulltrúa í þeirri vinnu sem var Gísli Páll Pálsson, þáverandi stjórnaformaður SFV. Niðurstöðurnar vöktu mikla athygli þegar þær komu fram og sýndu þær á ótvíræðan hátt fram á að það vantaði umtalsvert fjármagn frá stjórnvöldum inn í reksturinn. Skýrslan sýndi fram á að meginþorri hjúkrunarheimila var rekin með halla og þann halla mátti rekja til skorts á fjármögnun frá hinu opinbera. Í maí hélt SFV vel sótt málþing um skýrsluna, þar sem m.a. Gylfi Magnússon, heilbrigðisráðherra og Gísli Páll héldu erindi.



Í framhaldi af tilkomu skýrslunnar sendu SFV erindi á stjórnvöld og Alþingi þar sem óskað var eftir því að hlustað væri á niðurstöður skýrslunnar og fjárveitingar til hjúkrunarheimila auknar. Við því var að hluta til brugðist í fjárákalogum 2021 þegar fjárlaganefnd (leidd þá af núverandi heilbrigðisráðherra) samþykkti milljarð í tímabundin viðbótarframlög til hjúkrunarheimila og 300 milljónir til viðbótar við það í framlög vegna útlagakostnaðar hjúkrunarheimila (til þriggja ára). Í fjárlögum ársins 2022, í framhaldi af störfum vinnuhóps um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila (sem fjallað er um

síðar í skýrslu þessari) og í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila var það viðbótarfjármagn svo fest varanlega inn í rekstrargrunn hjúkrunarheimila.

Undirbúningur að nýjum þjónustusamningum dagdvala

Stjórn SFV tók ákvörðun nýlega að óska eftir því að samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands, um heildarþjónustusamninga fyrir dagdvalir, verði aftur teknar upp. Þær samningaviðræður strönduðu fyrir nokkrum árum, en mat SFV er að velvilji sé til staðar hjá stjórnvöldum í garð dagdvala og að nú sé tækifæri til þess að koma rekstri þeirra í fastara og öruggara form. Á næstu vikum verða fulltrúar allra dagdvala í SFV kallaðar til fundar til að undirbúa formlegt erindi til stjórnvalda um málið.

Samstarf við stjórnvöld og Alþingi

Samstarf við stjórnvöld var margþætt og fjöldi erinda sendur til stjórnvalda og fundað með stjórnvöldum og þingi um ýmis mál. Þannig sendu SFV inn umsagnir um bæði þingmál og mál í samráðsgátt stjórnvalda. Stærsta málið þar var vafalaust ný stefna í málefnum aldrafara en SFV sendi umsagnir um það mál á öllum stigum og fundaði með stjórnvöldum um málið.

Annað stórt mál var ný reglugerð um færni og heilsumat sem gefin var út 2021. SFV mótmælti þeirri reglugerð ítrekað, en í henni felst að hjúkrunarheimili koma ekki lengur að því að ákveða hvaða einstaklinga eigi að velja inn á tiltekin hjúkrunarheimili. Vonir SFV standa til að ágallar á þeirri reglugerð verði lagfærðir í góðu samstarfi við stjórnvöld á næsta starfsári.

SFV sendu á árinu formlegt erindi til stjórnvalda þar sem óskað var eftir að viðbótargreiðslur þær sem samþykkt hefur verið að koma á til starfsfólks Landspítala, komi einnig til starfsfólks hjúkrunarheimila, dagdvala og annarra fyrirtækja í velferðarþjónustu. Í erindinu var farið yfir hvernig þetta starfsfólk hefur staðið í framlínunni í baráttunni gegn faraldrinum og stjórnvöld hvött til að standa með þeim á sama hátt og starfsfólki LSH.

Þá átti SFV fulltrúa í ýmsum starfshópum, t.d. um bættu þjónustu í þágu barna, mönnun heilbrigðisþjónustu og fleira.

Samskipti við fjölmiðla

Undanfarið hefur verið stóraukinn áhugi hjá fjölmiðlum um aðkomu fulltrúa SFV og aðildarfélaganna að ýmsum málum. Þannig hafa birst margar fréttir og greinar sem SFV hefur komið að á einn eða annan hátt og viðtöl við formann og varaformann og framkvæmdastjóra samtakanna. Á árinu var Lovísa Árnadóttir fengin í ráðgjafastörf til samtakanna (í hlutastarfi) í PR málum, og stendur nú yfir vinna við að endurskipuleggja og efla greiningar og PR starfsemi samtakanna.

Þá var unnið að ýmsum öðrum málum. T.d. er starfandi samstarfsnefnd með SÍ þar sem unnið var að Covid-greiðslum, nýju kerfi um hjálpartæki og fleira. Þá tók SFV þátt í gerð skýrslu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um stöðu heimahjúkrunar á norðurlöndunum.

Yfirlit yfir starfsemi helstu vinnuhópa og nefnda SFV á árinu

Persónuverndarverkefni SFV

Enn bætist í hóp þeirra aðildarféлага sem taka þátt í persónuverndarverkefni SFV og eru félögin nú þrjátíu talsins. Sem fyrr er það Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá SFV, sem sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa þessara féлага.

Persónuvernd á tímum heimsfaraldurs

Allt er breytingum háð. Sannast máltækið nú sem endra nær. Þegar ljóst var að COVID-19 var ekki á undanhaldi þetta árið voru góð ráð dýr. Mikið hefur mætt á starfsfólki aðildarfélaganna SFV síðustu tvö ár og á það svo sannarlega þakkar skilið fyrir að hafa staðið vaktina við afar erfiðar aðstæður. Þegar svo mikið mæðir á gefst ekki mikill tími fyrir annað en að reyna að veita skjólstaðingum bestu mögulegu þjónustu og því mætti ef til vill ætla að á tímum sem þessum væri persónuvernd ekki ofarlega í huga starfsfólksins. Staðreyndin var hins vegar sú að persónuvernd var iðulega í huga starfsfólksins. Veiting fjarheilbrigðisþjónustu, skráningar á bólusetningum, sýnatökum og smitum, upplýsingamiðlun til sóttvarnaryfirvalda og jafnvel aðstoð til skjólstaðinga við að eiga í samskiptum við aðstandendur sína á tímum samkomutakmarkana, í öllu þessu felst vinnsla persónuupplýsinga og var starfsfólki mikið í mun að vanda til verka. Sýndi það og sannaði að fræðsla til starfsfólks um mikilvægi persónuverndar skilar árangri. Það var því ljóst að finna þurfti leiðir til að viðhalda þeirri fræðslu á einhvern hátt meðan ekki væri hægt að halda fræðslu fyrir starfsfólk í raunheimum. Persónuverndarfulltrúi steig því út fyrir þægindarammann og sættist meðal annars á að vera gerð ódauðleg í hinum rafræna heimi. Rafræn fræðslumyndbönd litu dagsins ljós og eru líklega komin til að vera. Til allrar hamingju hefur þó fræðsla í raunheimum hafið göngu sína á ný, ekki síst í ljósi þess að afar mikilvægt er fyrir persónuverndarfulltrúa að eiga í góðu sambandi og samstarfi við starfsfólk aðildarfélaganna enda eru þeirra persónuupplýsingar ekki síður mikilvægar en persónuupplýsingar skjólstaðinga. Þá veita umræður á fræðslufundum persónuverndarfulltrúa nauðsynlega innsýn í starfsemi félaganna.

Það voru þó ekki eingöngu rafrænir fyrirlestrar sem urðu til á árinu heldur ýmis önnur rafræn fræðsla, s.s. veggspjöld, dæmasögur og rafrænir fundir.



Fyrirhugaðar úttektir og frumkvæðisathuganir Persónuverndar

Vert er að minna á að Persónuvernd hefur gefið út stefnu úttekta og frumkvæðisathugana fyrir árið 2022. Þar er efst á baugi vinnsla heilsufarsupplýsinga í hvers konar snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum og þriðja efst á forgangslistanum er önnur vinnsla heilsufarsupplýsinga. Það er því mikilvægt að aðildarfélög SFV fari yfir stöðu mála hjá sér og geri nauðsynlegar úrbætur þar sem á við, ekki síst á vinnsluskrá og áhættumati.

Stefna úttekta og frumkvæðisathugana fyrir árið 2022

Persónuvernd hefur ákveðið að árið 2022 verði við ákvörðun um úttektir og frumkvæðisathuganir einblínt á vinnslu persónuupplýsinga í eftirfarandi forgangsröð:

1. Vinnsla heilsufarsupplýsinga í hvers konar snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum.
2. Vinnsla persónuupplýsinga barna í hvers konar snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum.
3. Önnur vinnsla heilsufarsupplýsinga.
4. Önnur vinnsla persónuupplýsinga barna.
5. Vinnsla persónuupplýsinga í snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum öryggisfyrirtækja.
6. Vinnsla persónuupplýsinga í snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum fjármálatyrirtækja.
7. Persónusnið (microtargeting).

Þessi stefna útilokar ekki að annars konar mál verði tekin til frumkvæðisathugunar eða úttektar ef upp koma aðkallandi mál sem þarf að bregðast skjótt við. Ákvörðun um framangreinda forgangsröð byggist á yfirferð yfir þau mál sem hafa verið til skoðunar hjá Persónuvernd sem möguleg úttektarmál eða frumkvæðisathuganir, sem og á áherslum stofnunarinnar síðustu ár.

Þar sem á við, ekki síst á vinnsluskrá og áhættumati. Persónuverndarfulltrúi hefur, í samvinnu við innkaupahóp SFV, unnið að því að finna einfaldar og notendavænar rafrænar lausnir fyrir persónuverndarmálin og stendur aðildarfélagum SFV nú til boða að kaupa aðgang að slíkri lausn með umtalsverðum afslætti ef næg þátttaka næst.

Öryggisbrestir

Enn á ný hefur reynt á mikilvægi þess að hafa skýrar verklagsreglur og viðhafa reglulega fræðslu fyrir starfsfólk. Það fékk eitt aðildarfélag SFV að reyna síðastliðið sumar en starfsmaður þess braut gróflaga gegn trúnaðarskyldum

sínum þegar hann miðlaði sjúkraskrárupplýsingum um skjólstæðing til þriðja aðila. Um var að ræða öryggisbrest sem tilkynna þurfti til Persónuverndar, embættis landlæknis og lögreglu. Persónuvernd taldi þó ekki tilefni til að gera athugasemdir við starfsemi félagsins þar sem félagið hafði gert allt sem í þess valdi stóð til að koma í veg fyrir slíkt brot, þar á meðal með reglulegri fræðslu til starfsfólks, trúnaðaryfirlýsingum og skýrum verklagsreglum.

Minnir persónuverndarfulltrúi á þá skyldu sem hvílir á aðildarfélögum SFV að skrá og eftir atvikum tilkynna þau frávik sem upp koma við vinnslu persónuupplýsinga hverju sinni.

Kjaranefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Helstu verkefni Kjaranefndar SFV eru gerð kjarasamninga og sameiginlegra stofnanasamninga við stéttarfélög á grundvelli umboðs frá aðildarfélögum innan SFV.

Formaður nefndarinnar starfsárið 2021-2022, nánar tiltekið apríl til maí 2021, var Tryggvi Friðjónsson. Heiða Björk Vignisdóttir tók svo við formennsku í ágúst 2021.

Aðrir nefndarmenn: Stella Kr. Víðisdóttir frá Eir, Skjólí og Hömrum, Sigríður Sigurðardóttir frá Grund, Mörk og Ási og Lilja Harðardóttir frá Hrafnistuheimilunum.

Helstu verkefni formanns nefndarinnar í aprílmánuði 2021 voru:

Skýrslugerð til aðalfundar SFV 2021 vegna starfa hans í þágu kjaranefndar.

Fundur í innleiðingarhópi SFV vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu. Þar var töluverð umræða um styttri vaktir (stubbavaktir). Í lok apríl 2021 var gert samkomulag milli SFV annars vegar og Eflingar og SLFÍ hins vegar fyrir hönd stærstu aðildarfélaga SFV um styttri vaktir. Var með því samkomulagi leyst stærsta deiluefnið innan Innleiðingarhóps SFV. Meginatriði samkomulagsins er að:

SFV, fyrir hönd framangreindra aðildarfélaga staðfestir að farið verði að 2. mgr. gr. 2.6.4 í kjarasamningi aðila þar sem segir: „Að öllu jöfnu skulu þeir sem hafa starfið sem aðalstarf ganga fyrir um 8 tíma vaktir óski þeir þess.“ Í öðru lagi var ákveðinn reynslutími til 30. september 2021 þar sem látið var reyna á það fyrirkomulag sem þegar var búið að setja upp og gefa út í vaktskipulagi.

Formaður kjaranefndar átti jafnframt sæti í Matshópi um Betri vinnutíma í vaktavinnu. Matshópi er ætlað að afla nauðsynlegra gagna til að meta framvindu verkefnisins.

Helstu verkefni hafa verið undirbúningur að skilum launagreiðenda á lykilmælikvörðum til matshóps og svo í framhaldinu söfnun þeirra gagna frá aðildarfélögum SFV.

Formaður situr einnig í Stýrihópi um Betri vinnutíma í vaktavinnu. Þar voru m.a. rædd álitaefni vegna styttri vakta. Formaður kjaranefndar SFV gerði þar grein fyrir stöðu mála og samkomulags milli stærstu aðildarfélaga SFV við Eflingu og SLFÍ.

Nýr formaður kjaranefndar SFV kom til starfa í lok aprílmánaðar 2021. Fyrri formanni var falið að setja nýjan formann inní starfið.

Tryggvi Friðjónsson lauk síðan störfum sem formaður kjaranefndar SFV í lok maímánaðar 2021. Hann var síðan ráðinn í hlutastarf í lok júlímánaðar 2021 og hefur starfað síðan sem ráðgjafi í kjaramálum í þágu SFV. Fyrsta verkefnið var að setja nýjan formann kjaranefndar, Heiðu Björk Vignisdóttur inní verkefnið, en fyrri formaður sem tók við af Tryggva í aprílmánuði 2021 lét af störfum um mitt sumar. Meginverkefni Tryggva sem ráðgjafa tímabilið ágúst 2021 til apríl 2022 hafa verið að sinna ráðgjöf fyrir framkvæmdastjóra SFV og formann kjaranefndar SFV. Helstu verkefni kjaranefndar, ásamt Tryggva, á tímabilinu hafa verið ráðgjöf til Heilsuverndar, nýs aðildarfélags SFV vegna kjarasamningagerðar, aðstoð við einstök aðildarfélög SFV vegna stofnanasamningsgerðar þeirra við FÍH og svo undirbúningur að gerð stofnanasamnings við SLFÍ. Síðan var viðræðum SFV við SLFÍ frestað þar til stéttarfélagið hefur lokið stofnanasamningsgerð við Landspítala. Ekki hefur náðst slíkur samningur nú undir lok aprílmánaðar 2022. Að lokum hefur stærsta verkefni nefndarinnar í mars og aprílmánuði 2022 verið í tengslum við hagvaxtarauka í kjarasamningum. Stjórn SFV hefur lagt til við aðildarfélög samtakanna að greiða hagvaxtaraukann með sama hætti og ríkið hyggst gera gagnvart sínum starfsmönnum.

Innkaupahópur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Tilgangur með stofnun hópsins var að stofna vettvang til samstarfs fyrir aðildarfélög innan SFV um ýmis mál tengd innkaupum.

Abyrgðarmaður hópsins: Heiða Björk Vignisdóttir, lögfræðingur og formaður Kjaranefndar SFV.

Aðildarfélög sem eru með fulltrúa í vinnuhópnum eru: Eir, Skjól, Hamrar, Hrafnista, Grund, Ás, Mörk, Höfði og Öldrunarheimili Akureyrar.

Nokkrir fundir voru haldnir í vinnuhópnum á yfirstandandi starfsári. Eftirfarandi atriði voru helst til skoðunar:

Magnkaup á dýnum, rúmum og hjálpartækjum.

Skoðað var verð á þurrvörum og leitað leiða til að fá betri verð í þurrvörur, enda verð búið að hækka mikið.

Útboð vegna innkaupa á kjöti, lamba-, nauta- svína- og kjúklingakjöti sem og áleggi. Um er að ræða innkaup á tugum þúsunda kílóa af kjöti og því reglulega hagstætt að sameina þessi innkaup og fá magnafslætti. Þá var fundað með matreiðslumönnum aðildarfélaganna í leit að frekari tækifærum á sameiginlegum innkaupum og aukningu á tegundum í útboði.

Wired Relations voru með kynningu fyrir aðildarfélög SFV á vegum Innkaupahóps og Gunnhildar Erlu Kristjánsdóttur, persónuverndarsérfræðings SFV. Wired Relations er persónuverndarlausn sem gerir það auðveldara fyrir fyrirtæki og stofnanir að stjórna lagalegu samræmi við persónuverndarlöggjöfina. Ef mörg aðildarfélög innan SFV kjósa að fá kerfið geta þau boðið mikinn hópafslátt.

Vinnuhópur um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila

Vinnuhópur um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila var settur af stað í framhaldi af Gylfa-skýrslunni af þáverandi heilbrigðisráðherra Svandísi Svavarsdóttur, vegna athugasemda sem ráðherra og fleiri í stjórnsýslunni höfðu um niðurstöður skýrslunnar. SFV áttu tvo fulltrúa í þessari vinnu, Sigurjón Norberg Kjærnested framkvæmdastjóra SFV og Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóra hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða. Auk SFV áttu Samband íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið fulltrúa í hópnum. Mikil vinna var unnin á vettvangi vinnuhópsins og lauk honum með sameiginlegri niðurstöðu allra aðila, sem fól í sér að milljarðs tímabundna viðbótarframlagið til hjúkrunarheimila (sem fjárlaganefnd hafði bætt við í fjárukalögum 2021) þyrfti að festa inn í rekstrargrunn hjúkrunarheimila. Þá fjallaði lokaskýrsla hópsins um að finna þyrfti lausn á greiðslum til hjúkrunarheimila vegna húsnæðiskostnaðar þeirra og fleiri mál.

Starfshópur um starfsemi minni og meðalstórra aðildarfélaga að SFV

Fyrsti fundur í endurskipulögðum starfshópi minni og meðalstórra aðildarfélaga að SFV var haldinn á árinu.

Þar var m.a. farið yfir gagnaskil til SÍ um gæðakerfi og handbækur; covid mál & ferðakostnað íbúa í dvalar- eða hjúkrunarrýmum.

Vinnuhópur stjórnar um stefnumótun SFV

Stjórn skipaði á árinu vinnuhóp stjórnar um stefnumótun hvers hlutverk var að leggja línurnar fyrir komandi stefnumótun samtakanna. Sú vinna fer fram á þessu starfsári og verður óskað þátttöku allra aðildarfélaga í vinnunni.

Núgildandi lög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

1.gr. Nafn, heimili og varnarþing.

Nafn samtakanna er Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, skammstafað SFV. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr. Tilgangur.

Tilgangur samtakanna er að:

- a. Efla samstarf aðildarfélaganna, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.
- b. Stuðla að árangursríku samstarfi við heilbrigðisyfirvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Annast gerð kjarasamninga við stéttarfélög eftir umboði frá aðildarfélögum hverju sinni.
- c. Að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaganna og fylgja þeim fram.
- d. Að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaganna.

3.gr. Aðild.

Aðild að samtökunum geta átt þau fyrirtæki sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Sveitarfélagi er þó heimilt að sækja um aðild að samtökunum, fyrir hönd tiltekinnar rekstrareiningar innan sveitafélagsins, þrátt fyrir að sá rekstur hafi ekki verið aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins með formlegum hætti.

Umsókn um aðild að SFV skal senda skriflega til stjórnar samtakanna. Inntökubeiðni telst samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana. Skjóta má synjun á inntökubeiðni til aðalfundar eða félagsfundar.

4. gr. Árgjöld.

Aðalfundur ákveður árgjald til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfang stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi. Fjárhæð grunngjaldsins getur verið misjöfn milli einstakra hópa aðildarfélaganna innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum). Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greiddar eru af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Þrátt fyrir þetta er heimilt að taka ákveðna þjónustubætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Ný aðildarfélög eru undanþegin greiðslu árgjalds á upphafsári aðildar. Úrsögn úr samtökunum þarf að berast fyrir 1. febrúar, ef aðildarfélag ætlar ekki að greiða aðildargjald fyrir það ár.

5.gr. Stjórn.

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 mönnum. Formaður skal kosinn sérstaklega. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda.

6.gr. Stjórnarfundir.

Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kýs úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórn skal tilnefna formann launanefndar samtakanna.

Formaður ákveður fundi stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

7. gr. Starfsmaður.

Stjórn er heimilt að ráða starfsmann og/eða kaupa sérfræðipjónustu, til sértækra tímabundinna verkefna, enda séu þau unnin í þágu meirihluta stofnana.

8.gr. Reikningar.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

Frumeintak ársreiknings, undirritað af gjaldkera og skoðunarmönnum skal lagt fyrir stjórn og síðan aðalfund til samþykktar.

9.gr. Aðalfundur.

Aðalfundur samtakanna skal haldinn árlega, fyrir lok aprílmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélag, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

10. gr. Atkvæðagreiðslur og kosningar

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við heildartekjur aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

11. gr. Fundir.

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda á milli aðalfunda. Almennir félagsfundir eru að jafnaði opnir stjórnnum aðildarfélag og starfsfólki þeirra.

12. gr. Lagabreytingar.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi, en tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði.

Lög samþykkt á aðalfundi SFV 16. apríl 2018.



Reykjavík 11. apríl 2022

Fundarboð

Boðað er til aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu þriðjudaginn 26. apríl nk. kl. 13.00. Fundurinn verður haldinn á Hrafnistu Sléttuvegi, Sléttuvegi 25, 103 Reykjavík.

Fundarefni samanber lög félagsins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun árgjalda
9. Önnur mál

Vinsamlegast er óskað eftir að fá staðfestingu á móttöku þessa fundarboðs og upplýsingar um hverjir munu mæta á fundinn á netfangið sigurjon@samtok.is. Rétt er að vekja athygli á 9. gr. laganna en þar segir: „Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga eða fulltrúar þeirra.

Þau sem hafa áhuga á að bjóða sig fram til stjórnasetu eru hvött til að senda tölvupóst þess efnis á netfangið sigurjon@samtok.is.

Að loknum aðalfundarstörfum verður efnt til málþings í tilefni af 20 ára afmæli SFV, þar sem m.a. Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra, mun halda stutt erindi ásamt fleiri góðum gestum. Nánari dagskrá verður auglýst síðar. Boðið verður upp á léttar veitingar.

1. gr. – Nafn, heimili og varnarþing.

Núgildandi lög

Nafn samtakanna er Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, skammstafað SFV. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

Tillaga að breytingum

Nafn samtakanna er Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, skammstafað SFV. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. – Tilgangur.

Núgildandi lög

Tilgangur samtakanna er að:

- Efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.
- Stuðla að árangursríku samstarfi við heilbrigðisyrfirvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Annast gerð kjarasamninga við stéttarfélög eftir umboði frá aðildarfélögum hverju sinni.
- Að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim fram.
- Að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaga.

Tillaga að breytingum

Tilgangur samtakanna er að:

- Efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.
- Sinna skilgreindum verkefnum hverju sinni, svo sem kjara- og persónuverndarmálum, þar á meðal að annast gerð kjarasamninga við stéttarfélög eftir umboði frá aðildarfélögum hverju sinni.
- Stuðla að árangursríku samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.
- Að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim fram.
- Að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaga.

3. gr. – Aðild að SFV.

Núgildandi lög

Aðild að samtökunum geta átt þau fyrirtæki sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Sveitarfélagi er þó heimilt að sækja um aðild að samtökunum, fyrir hönd tiltekinnar rekstrareiningar innan sveitafélagsins, þrátt fyrir að sá rekstur hafi ekki verið aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins með formlegum hætti.

Umsókn um aðild að SFV skal senda skriflega til stjórnar samtakanna. Inntökubeiðni telst samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana. Skjóta má synjun á inntökubeiðni til aðalfundar eða félagsfundar.

Tillaga að breytingum

Aðild að samtökunum geta átt fyrirtæki, félög og/eða samtök sem starfa við velferðarþjónustu á Íslandi.

Sveitarfélagi er heimilt að sækja um aðild að samtökunum, fyrir hönd tiltekinnar rekstrareiningar innan sveitafélagsins, þrátt fyrir að sá rekstur hafi ekki verið aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins með formlegum hætti.

Umsókn um aðild að SFV skal senda skriflega til stjórnar samtakanna. Inntökubeiðni telst samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana. Skjóta má ákvörðun um synjun á inntökubeiðni til aðalfundar eða félagsfundar.

4. gr. – Árgjöld.

Núgildandi lög

Aðalfundur ákveður árgjald til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hópahins vegar hlutfallsgjaldi. Fjárhæð grunngjaldsins getur verið misjón milli einstakra aðildarféлага innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum). Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næsttilsins árs vegna velferðarþjónustu, sem greiddar eru af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Þrátt fyrir þetta er heimilt að taka ákveðna þjónustubætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Ný aðildarfélög eru undanþegin greiðslu árgjalds á upphafsári aðildar. Úrsögn úr samtökunum þarf að berast fyrir 1. febrúar, ef aðildarfélag ætlar ekki að greiða aðildargjald fyrir það ár.

Tillaga að breytingum

Aðalfundur ákveður forsendur árgjalda til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi sem tekur mið af veltu.

Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næsttilsins árs vegna velferðarþjónustu, sem greidd er af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Ef hlutfallsgjaldið er ekki talið gefa rétta mynd af umfangi starfsemi aðildarfélags er hægt að ákvarða aðildargjald sérstaklega í samræmi við verklagsreglur sem stjórn setur.

Fjárhæð grunngjalds og hlutfallsgjalds getur verið misjón milli einstakra hópa aðildarféлага innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum).

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að taka ákveðna þjónustubætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Nýtt aðildarfélag greiðir aðildargjöld frá þeim degi sem aðild þess að samtökunum er samþykkt af stjórn.

Aðild að samtökunum skal sagt upp með 6 mánaða fyrirvara (talið frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn berst) og aðildargjöld greidd út uppsagnarfræstinni.

Aðildarfélag bera ekki fjárhagilega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna, nema hafa sérstaklega undirgengið slíka ábyrgð með samningi.

5. gr. – Stjórn.

Núgildandi lög

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 mönnum. Formaður skal kosinn sérstaklega. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda.

Tillaga að breytingum

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 fulltrúum aðildarféлага. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi til tveggja ára í senn, aðrir stjórnarmenn skulu einnig kosnir til tveggja ára í senn. Á hverju ári skal kjósa þrjú stjórnarmenn á aðalfundi samtakanna svo stjórnarmenn gangi ekki allir úr stjórn sama árið. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa nýjan í hans stað á aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum.

6. gr. – Stjórnarfundir.

Núgildandi lög

Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kýs úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórn skal tilnefna formann launanevndar samtakanna.

Formaður ákveður fundi stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

Tillaga að breytingum

Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs stjórn úr sínum hópi varaformann stjórnar samtakanna.

Stjórn skal tilnefna formann kjaranevndar samtakanna.

Stjórn fundar reglulega og skal formaður leggja til tímasetningu funda stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

7. gr. – Starfsmaður. > Hlutverk og ábyrgð stjórnar.

Núgildandi lög

Starfsmaður

Stjórn er heimilt að ráða starfsmann og/eða kaupa sérfræðipjónustu, til sértækra tímabundinna verkefna, enda séu þau unnin í þágu meirihluta stofnana.

Tillaga að breytingum

Hlutverk og ábyrgð stjórnar

Stjórn SFV fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni samtakanna og sér um að skipulag og starfsemi þeirra sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra SFV til að stýra starfsemi.

Stjórnin skal sjá um að eftirlit sé haft með bókhaldi og fjárreiðum samtakanna og ræður löggiltan endurskoðanda.

8. gr. – Rekstur samtakanna.

Núgildandi lög

Ný grein

Tillaga að breytingum

Rekstur samtakanna

Framkvæmdastjóri SFV annast daglegan rekstur samtakanna og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin setur honum. Óvenjulegar, mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir skal ævinlega leggja fyrir stjórn til ákvörðunar. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundi, nema annað sé sérstaklega ákveðið og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjóra er heimilt að ráða starfsmenn samkvæmt samþykki stjórnar og/eða kaupa sérfræðipjónustu, til sértækra tímabundinna verkefna, enda séu þau unnin í þágu meirihluta aðildarfélaga.

8/9. gr. – Reikningar.

Núgildandi lög

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

Frumeintak ársreiknings, undirritað af gjaldkera og skoðunarmönnum skal lagt fyrir stjórn og síðan aðalfund til samþykktar.

Tillaga að breytingum

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

Frumeintak ársreiknings, undirritað af stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og skoðunarmönnum skal lagt fyrir aðalfund til samþykktar

9/10. gr. – Aðalfundur / atkvæðagreiðslur og kosningar.

Núgildandi lög

Aðalfundur samtakanna skal haldinn árlega, fyrir lok aprilmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

Tillaga að breytingum

Aðalfundur samtakanna skal haldin árlega, fyrir lok aprilmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

Frh..... 9/10. gr. – Aðalfundur / atkvæðagreiðslur og kosningar.

Núgildandi lög

10. gr. Atkvæðagreiðslur og kosningar

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við heildartekjur aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

Tillaga að breytingum

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við greidd aðildargjöld til samtakanna samkvæmt síðasta starfsári. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

11. gr. – Fundir. > Félagsfundir.

Núgildandi lög

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda á milli aðalfunda. Almennir félagsfundir eru að jafnaði opnir stjórnnum aðildarfélaga og starfsfólki þeirra.

Tillaga að breytingum

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda á milli aðalfunda. Almennir félagsfundir eru að jafnaði opnir stjórnnum aðildarfélaga og starfsfólki þeirra.

Boða skal til funda með að lágmarki tveggja daga fyrirvara. Halda skal félagsfund ef þriðjungur aðildarfélaga óska eftir því.

12. gr. - Lagabreytingar.

Núgildandi lög

Lögum þessum má breyta á aðalfundi, en tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði.

Tillaga að breytingum

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess atkvæði 2/3 þeirra, sem fundinn sitja. Aldrei má breyta lögnum þannig að megintilgangi félagsins sé raskað. Öll aðildarfélög geta lagt fram tillögu að lagabreytingum og skulu tillögur berast stjórn félagsins fyrir lok febrúarmánaðar. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skulu fylgja með boðun aðalfundar.

13. gr. – Slit samtakanna.

Núgildandi lög

Ný grein

Tillaga að breytingum

Ákvörðun um slit samtakanna eða samruna þeirra við önnur samtök eða félög verður aðeins tekin á aðalfundi með atkvæðum 2/3 þeirra sem fundinn sitja, sbr. 10. gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

Verði tillaga um slit samtakanna samþykkt skal boðað til sérstaks félagsslitafundar sem tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núgildandi lög

Ný grein til bráðabirgða

Tillaga að breytingum

Þær breytingar eru gerðar á 5. gr. laga þessara, um stjórn samtakanna, að formaður stjórnar og stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn í stað eins árs. Jafnframt kveður ákvæðið á um að þrír stjórnarmenn skuli kjörnir árlega á aðalfundi samtakanna. Verði lagabreyting þessi samþykkt á aðalfundi samtakanna þann 26. apríl 2022 fellur umboð núverandi stjórnarmanna niður í samræmi við fyrra ákvæði laganna en kjósa skal á sama fundi þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og aðra þrjá til eins árs við kosningu stjórnar. Umboð þeirra þriggja sem kosnir eru til árs stjórnasetu fellur svo niður á aðalfundi samtakanna árið 2023 og verður þá kosið á ný um sæti þriggja stjórnarmanna en þá til tveggja ára.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Ársreikningur 2021

Áritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2022

Stjórn:


Björn Bjarki Þorsteinsson formaður


María Fjóra Harðardóttir varaformaður


Vilborg Gunnarsdóttir ritari


Ásgerður Th. Björnsdóttir gjaldkeri


Halla Þoroddsen meðstjórnandi


Sigurður R. Sigurjónsson meðstjórnandi


Sigurjón Norberg Kærnested framkvæmdastjóri


Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir starfsárið 2021 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 19. apríl 2022

Kjörnir skoðunarmenn:

Ingibjörg Ólafsdóttir



Anna Birna Jensdóttir



Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Ársreikningur 2021

Rekstrarreikningur	2021	2020
Tekjur		
Árgjöld aðildarfélaga	45,289,503	35,690,108
Viðbótarframlag frá aðildarfélögum	18,624,543	
Fjárframlag frá ríkissjóð		
Tekjur alls	63,914,046	35,690,108
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld SFV	32,873,343	20,673,041
Sérfr.kostnaður	2,578,011	
Ráðstefnur og fundir	1,000,353	81,550
Kostnaður vegna kjaranefndar (utan launakostn.)	10,151,087	10,305,330
Keypt innbú og búnaður	884,612	1,642,109
Heimasíða og sími	292,409	168,748
Leiga	4,149,724	2,327,976
Bankakostnaður	116,300	39,740
Annar kostnaður	1,081,701	1,436,913
Gjöld alls	55,352,585	36,675,407
Fjármagnstekjur/(gjöld)		
Vaxtagjöld		
Vaxtatekjur	38,536	34,714
Fjármagnstekjur/(gjöld) alls	38,536	34,714
Tekjuafgangur/ -hali ársins	10,825,042	- 950,585
Efnahagsreikningur 31.12.2021	2021	2020
Eignir		
Bankainnistæður	35,408,216	22,421,792
Endurgreiðslukrafa		1,311,797
Ógreidd árgjöld SFV		374,513
Eignir alls	35,408,216	24,108,102
Skuldir og eigið fé		
Viðskiptaskuldir	4,741,078	5,250,415
Inneign aðildarfélaga vegna persónuv.verkefnis	14,538,841	14,182,853
Eigið fé 1.1.	4,674,833	5,625,418
Hagnaður/-tap ársins	10,825,042	- 950,585
Skuldir og eigið fé alls	35,408,216	24,108,101

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sjóðstreymi fyrir árið 2021

Framlag til rekstrar af handbæru fé:

Hagnaður ársins	<u>10,825,042</u>
Hreint veltufé frá rekstri	<u>10,825,042</u>

Breyting innan veltufjárliða:

Viðskiptakröfur	1,686,310
Viðskiptaskuldir	<u>2,700,118</u>
	4,386,428

Handbært fé (til) frá rekstri 12,986,425

Handbært fé í ársbyrjun 22,421,792

Handbært fé í árslok 35,408,216

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Persónuverndarverkefnið

2021

Greiðslur frá aðildarfélögum 2021	Samtals:	15,533,342
Greitt af SFV vegna persónuv.fulltr. 2021		-15,177,354
Inneign frá fyrra ári		<u>14,182,853</u>
Útistandandi skuldbinding v/persónuv.fulltr.		14,538,841

2020

Greiðslur frá aðildarfélögum 2020	Samtals:	17,260,247
Greitt af SFV vegna persónuv.fulltr. 2020		-13,890,813
Inneign frá fyrra ári		<u>10,813,419</u>
Útistandandi skuldbinding v/persónuv.fulltr.		14,182,853